

ÁÆTLUN UM LÆSISSTEFNU

„Lestur er ofinn úr mörgum þráðum sem hver um sig
myndar sterka stoð að ævilangri færni“

Grunnskóli
Borgarfjarðar
eystra

2014-2020

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Stoðir stefnunnar	3
Um læsi	3
Markmið.....	3
Hlutverk foreldra og heimila	4
Kennsluaðferðir og þjálfun	4
Daglegt starf og venjur í grunn- og leikskóladeild.....	5
Yfirlit yfir aðferðir sem nýttar eru til að efla læsi.....	6
Mál og lesskilningur.....	7
Ritun.....	8
Námsmat	8
Viðmið.....	10
Tvítýngdir nemendur	10
Heimildir	12
Nytsamlegir tenglar.....	12

Læsisstefna Grunnskóla Borgarfjarðar eystra 2014-2020

Inngangur

Hér gefur að líta læsisstefnu fyrir leik- og grunnskóladeild Grunnskóla Borgarfjarðar eystra. Þessari stefnu er ætlað að lýsa þeim markmiðum og leiðum sem skólasamfélagið ætlar sér að fara til að ná sem bestum árangri í læsi á öllum skólastigum, leik- og grunnskóla. Læsisstefnan er unnin sem hluti af innleiðingu *Aðalnámskrár 2011-2013* og innleiðingu markmiða *Hvítbókar*. Stefnan er því hluti af endurskoðaðri skólanámskrá. Jafnframt er stefnumörkun þessi hluti af skuldbindingu okkar við samning um „Bættan námsárangur“ á Austurlandi. Stefnunni fylgir gróf áætlun til fimm ára um hvernig við sjáum fyrir okkur að bæta námsárangur nemenda, en niðurstöður úr samræmdum prófum og Pisa-könnunum gefa til kynna að skólar á Austurlandi þurfi að veita námsárangri nemenda, læsi í margvíslegum skilningi, lestrarfærni, lesskilningi markvissari stuðning og eftirfylgni.

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar eins og kemur fram í *Aðalnámskrá*. Á forsíðu stefnunnar stendur að lestur sé ofinn úr mörgum þráðum sem hver um sig myndar stoð að ævilangri færni.¹ Við í skólanum túlkum orðið læsi í víðri merkingu sem *skilning* en einnig mætti túlka orðið þröngt og á það þá við lestur og úrvinnslu texta. Læsisstefnan eins og hún kemur fram hér á fyrst og fremst við lestur, lestrarfærni, lesskilning, tjáningu og ritun. Vert er að undirstrika að allir kennarar og starfsfólk skóla eru kennarar í læsi, það eru foreldrar einnig því að góður málþroski og orðaforði eru grunnur að skilningi nemenda á síðari stigum. Jákvæður skólabragur, viðhorf til náms og kennslu skiptir afar miklu máli ef árangur í læsi á að nást.

Stefnan hefur verið í mótun frá því 2013 eða frá því að innleiðing *Aðalnámskrá grunnskóla 2011* hófst við skólann. Þá voru styrkleikar og veikleikar skólustarfsins m.t.t. læsi greindir en skólaárið 2014 -2015 var gerð könnun á lestrarkennslu og lestrarumhverfinu í skólanum, í kjölfarið farið í stefnumörkun viðvíkjandi lestrarkennslu og viðhorfum kennara, nemenda og foreldra til náms í skólanum. Stöðumat leiddi af sér aðgerðalista í takti við ætlun okkar um aukin lestur og bættan námsárangur sem unnið var eftir skólaárið 2015-2016. Er ofangreind vinna grunnurinn að því plaggi sem hér lítur dagsins ljós.

Stefnu þessari er ætlað að vera rammi utan um starf kennara á öllum skólastigum grunn- og leikskóladeildar samhliða er hún til upplýsingar fyrir foreldra sem **afar mikilvægt er að séu virkir þátttakendur í lestraruppeldi barna sinna.**

¹ Lesvefurinn.is

Stoðir stefnunnar

- ✓ Skólinn geri áætlun um markmið, viðmið, leiðir, eftirfylgni og endurmat í heimanámi, lestrar- og stærðfræðikennslu og kennarar fara að áætlunum.
- ✓ Foreldrar eru upplýstir um verkefnið og meðvitaðir um mikilvægi sitt sem virkir stuðningsaðilar í námi barna sinna.
- ✓ Miðað er að samfelldum námsferlum og samræmingu náms frá leikskóla til loka grunnskóla og litið er á nám nemenda sem einn feril frá leikskóla til framhaldsskóla.
- ✓ Viðhorf til kennslu og náms í öllum greinunum og á öllum skólastigum er rædd í kennarahópnum. Litið er svo á að allir kennarar kenna íslensku og læsi og jafnframt kenna allir stærðfræði (og aðrar greinar) með því að vera jákvæð fyrirmynd, með því að dýpka hugtakaorðaforða nemenda í daglegu tali og verkum.
- ✓ Skimað er markviss frá leikskólaaldri svo hægt sé að framkvæma snemmtæka íhlutun ef vart verður við námsörðugleika hjá nemanda.
- ✓ Íslenskukennsla hjá tvítyngdum nemendum er aukin m.a. með því að fjölga íslenskutímum hjá þeim nemendum í leik- og grunnskóladeild.
- ✓ Endurmenntun kennara miðar m.a. að því að þjóna markmiðum okkar um bættan námsárangur.
- ✓ Fjölbreyttar kennsluáferðir eru nýttar í lestrarnámi nemenda.
- ✓ Áhugi nemenda á lestri er vakinn og aðgengi að bókum þarf að vera gott.
- ✓ Skólaskrifstofa Austurlands er virk í utanumhaldi og eftirliti með verkefninu og veitir aðstoð eftir þörfum.

Um læsi

Læsi er ein af grunnstoðum menntunar samkvæmt *Aðalnámsskrá grunn- og leikskóla 2011*.² Í lögum um leikskóla segir auk þess: „Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta“³, slíkt stuðlar að bernskulæsi en bernskulæsi er skilgreint sem ákveðin færni, þekking og viðhorf og þróast sem undanfari læsis. Það vísar til lestrarhegðunar barns á leikskólaaldri áður en formleg lestrarkennsla hefst í grunnskóla. Í Grunnskóla Borgarfjarðar eystra höfum við sköpun og sjálfbærni að leiðarljósi og því eiga aðrar grunnstoðir menntunar einnig við læsi og lestur. Fjölbreytileiki, áhugi nemenda, nemendalýðræði, sjálfbærni og sköpun eru grunnstoðir sem okkar skólastarf byggir á og á það einnig við í læsi og lestrarkennslu í skólanum öllum.

Læsi á öllum skólastigum felur í sér þekkingu, leikni og hæfni nemenda til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Styrk læsisstoð er forsenda fyrir góðum árangri í námi út lífið, almennri lífsleikni og virkri þáttöku í samfélagi. Góð lestrarfærni er ekki síst mikilvæg í nútímasamfélagi sem byggir að miklu leyti á úrvinnslu mikils magn upplýsinga og texta.

Markmið

Markmið læsisstefnu Grunnskóla Borgarfjarðar eystra má lýsa í eftirfarandi punktum

- Að nemendur öðlist snemma áhuga á lestri og viðhaldi honum upp alla skólagönguna.
- Að nemendur hafi góðan almennan málþroska og öðlist vitund um tungumálið sem kerfi.

² *Aðalnámsskrá Grunnskóla 2011-2013*.

³ Lög um leikskóla nr. 90/2008

- Að nemendur öðlist góða færni í lestri, leshraða og öruggri framsögn.
- Að nemendur öðlist í leik og starfi uppbyggilegan og fjölskrúðugan orðaforða.
- Að nemendur hafi góðan akademískan orðaforða.
- Að nemendur þjálfu með sér góðan lesskilning þegar kemur að margvíslegum textum.
- Að nemendur verði færir um að tjá sig munnlega og skriflega með vönduðum og fjölbreyttum hætti.

Það er samstarfsverkefni allra starfsmanna skólans og allra foreldra að stuðla að því að markmiðin náist eins og komið hefur fram. Allir kennarar í öllum námsgreinum í báðum deildum, leik- og grunnskóla stuðla að læsi nemenda. Læsiskenntla hefst í leikskóla með örvun nemenda í gegn um frjálstan og markvissan leik, rýmum, romsum, söng og spjalli og henni lýkur ekki þegar ákveðinni lestrartækni er náð, til að mynda viðmiðum um leshraða er náð. Læsi á við alla skólagönguna, frá leikskóla, tekur til allra nemenda, alls starfsfólks, foreldra og er hluti af öllum námsgreinum.

Hlutverk foreldra og heimila

Hlutverk foreldra í móðurmálskennslu og lestrarnámi er stórt og hefst raunar við fæðingu barnsins. Við daglega örvun frá fæðingu og í daglegum athöfnum eykst málþroski barnsins ef foreldrar rækja hlutverk sitt af alúð og því er nærtækast að hvetja foreldra til að spjalla sem mest við börn sín og vera þeim jákvæðar fyrirmyndir þegar kemur að samskiptum. Börn eiga að geta talað við foreldra sína um allt það sem brennur á þeim en foreldrar ættu einnig að vekja áhuga barna sinna á margvíslegu öðrum umræðu- og lesefni. Nokkur af mörgum hlutverkum foreldra er að lesa fyrir börnin, spjalla um bókmenntir og annan texta, hlusta á sögur þeirra og frásagnir og hvetja til skoðun bóka og lesturs. Ráðleggingar þær sem koma hér í framhaldinu er að finna á heimasíðu Heimilis og skóla, Skólaskrifstofu Austurlands og af Lesvefnum sem getur einnig nýst foreldrum og kennurum til frekari glöggvunar.

Grunnskóli Borgarfjarðar eystra mælist til að

- Foreldrar lesi fyrir barnið og séu þeim góðar lestrar fyrirmyndir frá unga aldri.
- Foreldrar hlusti á barnið lesa daglega á yngsta og miðstigi, skólinn setur 15 mínútna lágmarksviðmið.
- Foreldrar geri lestrarstund dagsins að notalegri samverustund þar sem spjallað er um innihald og framgang textans.
- Foreldrar hvetji nemendur til að taka sér bók í hönd heimavið og stuðli að því að gera lestur að afþreyingu þeirra
- Foreldrar viðhaldi og efla færni barnsins með hvatningu og þjálfun, einnig í fríum og eftir sem þau eldast.
- Foreldrar hafi lesefni við hæfi aldurs barnsins aðgengilegt og sýnilegt á heimilinu og bjóði upp á bókaval, meðal annars með því að heimsækja bókasafn, t.d. á Egilsstöðum.
- Foreldrar leiti hjálpar ef illa gengur eða grunur leikur á lesarfiðleikum.
- Foreldrar af erlendu bergi lesi á móðurmálinu og efla málþroska barnsins á því máli eða þeim málum sem töluð eru heima.

Kennsluáferðir og þjálfun

Í Grunnskóla Borgarfjarðar eystra hefst hver dagur á yndislestrarstund í fimmtán mínútur. Þá lesa börn bækur sem þau hafa valið eftir eigin áhuga en umsjónarkennari hvetur nemendur reglulega til að velja sér fjölbreyttast námsefni yfir veturinn, til dæmis með því að láta þau hafa lestrarbingóspjald í upphafi skólaársins og síðar eftir þörfum. Yndislestri er haldið til haga á sýnilegan hátt með einhverjum hætti. Þá er nemendum gert að skrifa titil, höfund og blaðsíðufjölda á þar til gerðan miða (t.d. uglu) og þeim safnað yfir veturinn. Reglulega fer

fram bókarýni og spjall um bækurnar á bekkjarfundi. Er það þrisvar, fjórum sinnum á ári sem það er gert. Þar fyrir utan er lestri gert hátt undir höfði í skólastarfinu með því að merkja vægi hans í dagskipulaginu, og með því að nýta fjölbreyttar lestraraðferðir.

Litið er á lestur hvort tveggja sem samvinnunám og einstaklingverkefni sem þarfnast mikillar þjálfunar. Leitast skal við að kenna sem oftast eftir samvirkum kennslumódelum sem gera ráð fyrir stuttri innlögn/markmiðasetningu, úrvinnslu efnis, samræðum nemenda, samvinnu þeirra, tjáningu og umfjöllun um lesefni en jafnframt þarf þjálfunarþátturinn að vera stór í skólanum og heimavið.

Daglegt starf og venjur í grunn- og leikskóladeild

Aðgerðayfirlit yfir eflingu lestrarfærni og lesskilnings í Grunnskóla Borgarfjarðar eystra

Leikskóladeild

- Leitast við að efla málþroska allra leikskólabarna í gegnum söng, þulur, rímur o.s.frv., einnig regluleiki og hlutverkaleiki.
- Leitast við að efla málþroska 4-6 ára leikskólabarna með því að ríma, klappa samstöfur, flokka í yfir-og undirhugtök.
- Lesið fyrir börnin í 2x10 mínútur á dag ásamt söng.
- Grunnskólanemendur lesa fyrir leikskólanemendur upplestur 1x í viku.
- Orð höfð sýnileg í rýmum skólans.
- Vikulega er unnið með orðaforða í tengslum við hugtök í stærðfræði og öðrum greinum.
- Foreldrar hvattir til að lesa fyrir börn sín og leyfa þeim að hlusta á sögur heimafyrir.
- Foreldrar tvítyngdra barna sjái til þess að börn þeirra hlusti á bækur á því tungumáli sem minna er notað daglega, ásamt því að fylgjast með íslensku barnaefni í sjónvarpi.
- Grunnskólastundir 5 ára barna eru reglulegar og hluti af þeim með yngstu nemendum grunnskóla. Mælt með því að grunnskólakennari komi í leikskólann með stafainnlögn o.fl., leikskólabarnið fari í hlutverkaleiki í kennslustundum yngri deildar.
- Reglubundnar skimanir og úrvinnsla í samræmi við niðurstöður Hljóm 2/ TRAS / EFI2.

Grunnskóladeild

- Daglegar yndislestrarstundir á skólatíma 15 mínútur á dag, kennarar lesi einnig sér til yndis og geri það á sýnilegan hátt með nemendum.
- Reglulegar umræður nemenda og kennara um bækur, bókmenntarýni og frásagnir af lestri.
- Upplestur vikulega í bekk eða söng og samskiptum, skipt á milli nemenda, kennara, foreldra, grenndarsamfélagsins. T.d. áhugaverð lesning, þjóðsögur, ljóð, uppáhalds bókin, fréttir, námsefni.
- Grunnskólanemendur fara a. m. k. einu sinni í viku á leikskóladeild og lesa fyrir leikskólabörnin.
- Reglulegt formlegt bókmenntaspjall og bókarýni á eyðublöðum.

- Lestraráskoranir tvisvar á ári í upphafi skólaárs og í janúar. Nemendur hvattir til að lána bækurnar sem þeir fengu í jólagjöf.
- Áhersla á gæðabókmenntir og vinnu með Íslendingasögur í tengslum við ritgerðir og þemaverkefni, frá miðstigi.
- Bekkjarsett keypt í íslensku og tungumálum og nýtt til að auka möguleika á samtali um bækur.
- Þátttaka í Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk og Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk.
- Nemendur semja sögur og ljóð, lesa upp fyrir alla.
- Áhugaverðar bækur keyptar árlega til yndislestar og sem námsefni.
- Spil sem efla læsi nýtt: Netskrafl, Orðaskak, Scattergories, Fimbulkamb, Heilaspuni, Alias, Bananagrams, Kaleidos, lestrarbingó og önnur hvatning.
- Akadémískur orðaforði og hugtakaskilningur efldur markvisst með skýringum og sýnileika.
- Skimanir auknar og góð eftirfylgni, skv. áætlun á skóladagatali/Skólaskrifstofu Austurlands.
- Virkja heimilin/foreldra sem stuðningsaðila, lestrarmiðar heim.
- Nýta fjölbreyttar aðferðir við lestur og fjölbreytt efni s.s. kórlestur, skiptilestur, paralestur, PALS, gagnvirkan lestur, yndislestur, ofl.⁴

Yfirlit yfir aðferðir sem nýttar eru til að efla læsi

Aðferð/aðgerð	Leikskólad . yngri nem	Leikskólad . eldri nem.	1.- 2. bekkur	3.-5. bekkur	6.-8. bekkur	9.-10. bekkur
Þjálfun hljóðkerfisvitundar						
Söngur						
Þulur og rím						
Skoðun og lestur bóka með aðstoð						
Stafainnlögn						
Hljóðaaðferð						
Bullorð						
Sundurgreinandi aðferð						
Hermilestur						
Upplestur fyrir kennara						
Heimalestur						
Lestur í námsforritum						
Paralestur						

⁴ Kennar og foreldrar geta nýtt sér handbók Hafsteins Karlssonar, *Að lesa og skrifa, handbók fyrir kennara*, til að fá enn dýpri sýn á lestrar- og ritunar verkefni og hugmyndir :

<http://www.ismennt.is/not/hsteinn/A%C3%B0%20lesa%20og%20skrifa.pdf> Einnig hefur Hafsteinn skrifað handbók um ritun en þar er finna fjölmörg ritunarverkefni. Sjá :

<http://www.ismennt.is/not/hsteinn/modurmv/Ritunarverkefni%20-%20handb%C3%B3k.pdf>

Samlestur						
Upplestur						
Skiptilestur						
Kórlestur						
Leiklestur						
Gagnvirkur lestur						
Yndislestur						
Nákvæmnislestur						
Yfirlitslestur						
Skimun						
Lestur myndrita						
Leikir/spil sem krefjast lesturs						
Lestur marvíslegst texta						
Framsagnarþjálfun						

Mál og lesskilningur

Eins og komið hefur fram er íslenskukennsla og læsi eitthvað sem allir kennarar eiga að sinna af alúð með nemendum sama hvað grein þeir kenna. Hér fyrir neðan eru dæmi um aðferðir og vinnulag sem stuðlar að auknu læsi, málþroska og lesskilningi og sjálfsagt er að nýta í hvaða grein sem er. Listinn er þó ekki tæmandi eins og gefur að skilja.

Dæmi um aðferðir sem nýttar eru reglulega

Aðferðir nýttar með nemendum	Leikskólad. yngri nem	Leikskólad. eldri nem.	1.-2.bekkur	3.-5.bekkur	6.-8.bekkur	9. og 10.bekkur
Orð á athafnir						
Spjall á matmálistímum						
Málfar nemenda leiðrétt (rétt endurtekning)						
Spjall í upphafi dags						
Kennari les vandaðan texta fyrir nemendum fréttir, bókmenntir og vísindi						
Samlestur nemenda og umræður/verkefni á eftir						
Orðasöfn útbúin						
Merkingar orða, hugtaka og orðasambanda út frá samhengi rædd og kennd						
Ný og gömul orð sýnileg						
Orðaforði mismunandi greina ræddur						
Akademískur orðaforði kenndur (bókmenntir, stærfræði, náttúrufræði, tungumál)						
Listar yfir allt mögulegt gerðir						
Hugtakakort						

Munnleg/lesskilningsverkefni						
Skrifleg lesskilningsverkefni						
Túlkun texta – eftir fjölgreindum						
Kenndur lestur orðadæma						
Nemendur gera orðadæmi fyrir jafnaldr						
Flokkun á aðal og auka atriði/persónur						
Útdráttur						
Endursagnir						
Munnlegar frásagnir						
Kynningar á verkefnum eftir lotur						
Hópumræður						
Kappræður						
Hugtakaskilningur í fjölbreyttum rýmum úti/inni						
Sögur við balið						
Ferðir farna í þeim tilgangi að efla orðaforða og virkja hann.						

Ritun

Ástæða þykir að fjalla stuttlega um ritun í áætlun um læsi þar sem að ritun er hin hliðin á lestri og öflug kennsla í ritun styður við lestrarnám og lesskilning nemenda. Við endurskoðun læsisstefnunnar er sjálfsagt að dýpka ritunarhluta þennan en æskilegt er að kennarar skrái niður og þrói viðmið um venjur, og kennsluhætti sem styðja við læsi.

Ritfærni hefst strax á leikskóladeild þegar barn teiknar með hálf ósjálfráðum hætti á blað. Þroskinn eykst jafnt og þétt en í leikskóla er mikilvægt að kenna rétt grip um skriffæri. Það er gert þegar nemendur eru um það bil fjögurra fimm ára.

Í grunnskóladeild er afar mikilvægt er að allir kennarar séu meðvitaðir um að þeir kenna einnig ritun, stafsetningu og mismunandi stíl eftir verkefnum nemenda. Ávallt skal hvetja til vandaðar framsetningar og vinnubragða. Skrifarkennsla hefst samhliða lestrarkennslu en í öðrum bekk eru fyrstu reglur í stafsetningu kenndar, uppbygging málsgreina og reglur um stóran staf. Upp alla skólagönguna fást nemendur við fjölbreytt verkefni í ritun, hvort sem hún er unnin á tölvu eða með skriffærum á pappír. Í ljósi þess að samræmd próf eru lögð fyrir með rafrænum hætti í 3.bekk er nauðsynlegt að byrja að kenna ritun á tölvu í 2.bekk.

Námsmat

Allt námsmat við Grunnskóla Borgarfjarðar eystra er kennt við leiðsagnarmat.

Snemmtæk íhlutun

Snemmtæk íhlutun er lýsing á vilja skólans til að fylgjast grannt með framförum nemenda og grípa fljótt inn í ef námsörðugleikar gera vart við sig. Til að svo megi vera eru skimanir framkvæmdar reglulega samkvæmt eftirfarandi áætlun en nákvæmari tímasetningar er að finna frá viðmiðum Skólaskrifstofu Austurlands.

- Leikskóladeild kannar málþroska nemenda með eftirfarandi skimunum: EFI-2 og Hljóm 2. Auk þess TRAS skimunarpróf nýtt og skimað er eftir þroskamati sem leikskólarnir á Fljótshéraði útbjuggu en var aðlagð að leikskóladeildinni 2014-2015.
- Grunnskóladeild kannar leshraða með raddlestrarprófum 4 sinnum á ári (6-8 vikna fresti) frá 2.bekk til 10.bekkjjar. Atkvæðafjöldi og lestrarlag kemur fram á vitnisburði um jól og að vori. Viðmið um leshraða má sjá í eftirfarandi töflu hér neðar.
- Grunnskóladeild 1.-3.bekkur: Leið til læsis, Læsi, Lesmál. Greining með greiningaprófinu Hljóðfærni er nýtt ef vart verður við erfiðleika í fyrrgreindum prófum.
- Grunnskóladeild leggur fyrir Logos í 3. og 6.bekkur.
- Lesskilningprófið Orðarún er lagt fyrir í 3.-8.bekk, tvisvar á ári af íslenskukennara.
- Samræmd próf eru samkvæmt áætlun Menntamálaráðuneytisins að hausti í 4., 7. og að vori í 9. bekk.

Allt mat sem framkvæmt er í Grunnskóla Borgarfjarðar eystra er leiðbeinandi fyrir nemendur, foreldra og kennara og því nýtt til ákvörðunar um framvindu náms og námsþætti sem þarf að styrkja eða vinna með. Ef vart verður við erfiðleika eða ef árangur nemanda fellur undir þau mörk sem telst til góðs árangurs í ofanverðum skimunum gera kennarar áætlun um hvernig tekið sé á málunum. Slík áætlun gerir ráð fyrir

- Fundi með foreldrum þar sem farið er yfir hlutverk þeirra í því að nemandinn nái tilskyldum árangri
- Skrifleg dagsett viðmið um hvenær námsþættir eru teknir fyrir í skólanum og endurmat, rætt við foreldra
- Dagsett viðmið um endurmat eða endurlögn prófs

Viðmið

Viðmið um leshraða og viðmið um tíma sem nýttur er til lesturs í skóla og heima.

Árgangur	Leshraði á mínútu, viðunnandi árangur að vori	Tími í skóla til lestur fjölbreytts texta, daglegur lestur	Daglegur tími sem fer í heimanám í lestri
Við lok leikskóla	Hafi unnið með stafina á fjölbr. hátt heiti á þeim og hljóðin.	2X10 mínútur	Lesa fyrir börnin
1.bekkur	Þekki alla stafina og hljóð þeirra geti lesið 30 -50 atkv. á mínútu	60 mínútur í mismunandi verkefnum að lágmarki	10 – 15 mínútur að lágmarki
2.bekkur	50-120 atkv. á mínútu	60 mínútur í mismunandi verkefnum að lágmarki	10 – 15 mínútur að lágmarki
3.bekkur	120-150 atkv. á mínútu	20 -60 mínútur í mismunandi verkefnum að lágmarki	15 mínútur að lágmarki
4.bekkur	180 -230 atkv. á mínútu	30 - 60 mínútur í mismunandi verkefnum að lágmarki	15 mínútur að lágmarki
7.bekkur	280 atkv. á mínútu	60 mínútur í mismunandi að lágmarki	20 mínútur að lágmarki
9. bekkur	350 atkv. á mínútu	60 mínútur í mismunandi að lágmarki	30 mínútur að lágmarki

Tvítýngdir nemendur

Tvítýngdum nemendum skal gefin sérstakur gaumur hvað orðaforða og málþroska snertir. Nemendur í leik- og grunnskóla (á yngsta stigi, miðstigi unglingastigi eftir þörfum) fá eina kennslustund á dag í sérstaka málörvun þar sem unnið er með málþroska og orðaforða. Miðað skal við að taka fyrir **fimm** ný orð á dag⁵ og skal það gert í nánú samstarfi við foreldra, orðalistar fara heim og foreldrar þjálfa þau orð einnig á hinu tungumálinu. Þessir fimm tímar skulu vera aukatímar hjá nemendum. Ef kostur er og mannauður er til staðar er einnig vilji af skólafyrirvöldum til að efla nemendur í því tungumáli sem talað er heima. Á Lesvefnum má lesa eftirfarandi ráð:⁶

⁵ Samkvæmt ráðleggingu Huldu Karenar Daníelsdóttur.

⁶ Lesvefurinn.hi.is/node/147

Mikilvægt er að

- Gefa tvítyngdum nemendum tækifæri til að glíma við texta sem inniheldur hæfilegt magn orða sem eru þeim framandi.
- Huga að því að sá texti sem tvítyngdir nemendur takast á við þarf að innihalda þau orð sem mikilvægust eru hvert sinn.
- Tvítyngdir nemendur lesi margvíslegan texta þar sem viðkomandi orð koma fyrir; best er að þeir rekist á orðin margsinnis og þá bæði í ræðu og riti. Þeir verða jafnframt að vinna með orðin í fjölbreytilegum verkefnum til að þau festist í minni.
- Nemendur þjálfí námstækni til að geta sér til um merkingu óþekktra orða.
- Nemendur hafi aðgang að orðabókum á móðurmálum þeirra.

Heimildir

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). Aðalnámskrá leikskóla 2011. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-leikskola/>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013. Reykjavík: Mennta- og menningaráðuneyti.

Lög um leikskóla nr. 90/200

Lesvefurinn. Um læsi og lestrarerfiðleika. Sótt af http://lesvefurinn.hi.is/um_vefinn

Tungumalatorg. Vettvangur samstarfs miðja efnis og upplýsinga. Sótt af <http://tungumalatorg.is/>

Nýtsamlegir tenglar

Skólaskrifstofa Austurlands: Ýmiss stuðningur og ráð til nemenda, kennara og foreldra
http://www.skolausti.is/index.php?option=com_content&task=view&id=348&Itemid=42

Hvítbók, umbætur í menntun

https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf

Lesvefurinn góð ráð og fróðleikur um lestur og læsi

<http://lesvefurinn.hi.is/>

Afar góður vefur: **Tungumalatorg** sem nýtist við kennslu tvítýngdra (kennsluáðferðir og verkefni) sem og hvað hugtakaskilning áhrærir.

<http://tungumalatorg.is/>